

## A 1820/presidiet

**Flytjandi** Flokkahópur hægrimanna  
**Afgreiðsla** Forsætisnefndin

**Þingmannatillaga**  
**um að Norðurlönd sameinist um að taka upp Magnitskí-löggjöf**

**Tillaga**

Flokkahópur hægrimanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún beiti sér fyrir að Norðurlönd taki sameiginlega afstöðu til Magnitskí-löggjafar á vettvangi ESB

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær vinni samhliða að innleiðingu Magnitskí-laga í landsrétt í öllum norrænu löndunum fari svo að Magnitskí-löggjöf verði ekki tekin upp í ESB

**Bakgrunnur**

Árið 2007 varð rússneskur fjárfestingarsjóður Hermitage Capital Managements andlag mestu skattsvika í Rússlandi fyrr og síðar. Svikin eru nefnd Magnitskí-hneykslið eftir þeim rússneska endurskoðanda, Sergeí Magnitskí, sem fór með rannsókn málsins. Hann komst að því að starfsmenn innanríkisráðuneytisins í Rússlandi og rússnesk skattyfirvöld voru rækilega flækt í þetta hneyksli. Magnitskí var svo fangelsaður, pyntaður og neitað um lækniþjónustu. Sergeí Magnitskí lést 37 ára að aldri í fangaklefa í Butyrkafangelsinu í Moskvu árið 2009.

Síðan eru liðin tíu ár. Allar götur upp frá því hefur rússneska ríkið alfarið hafnað ábyrgð á örlögum Magnitskís og er það skýrt merki um hvers konar ríki Rússland er undir stjórn Pútins.

Bandaríkin urðu fyrsta land í heimi til að setja svonefnd Magnitskí-lög árið 2012. Slík löggjöf heimilar refsiaðgerðir svo sem frystingu bankainnstæðna og bann við komu þeirra til landsins sem hafa framið alvarleg mannréttindabrot eða þeirra sem verið hafa í vitorði með slíkum mönnum. Í kjölfarið settu Bretland, Eistland, Lettland, Litáen og Kanada sambærileg lög. Evrópuþingið hefur ítrekið farið fram á að slík löggjöf verði sett.

ESB hefur nú þegar heimildir til að beita refsiaðgerðum gagnvart einstaklingum í því skyni að vernda mannréttindi. Aftur á móti veitir það aukið vægi í milliríkjasamskiptum ef aðildarríkin lögfesta sameiginleg þvingunarúrræði af þessu



tagi. Samkvæmt nógildandi reglum verða refsiaðgerðir ESB þó að vera liður í stærra samhengi og þær hafa aðallega landfræðilega tengingu. Hefur sýnt sig að það er erfitt á grundvelli gildandi reglna að beita refsiaðgerðum gegn einstaklingum vegna afmarkaðra atvika eins og í tilviki Magnitskís. Þess vegna ber ESB að setja sér Magnitskí-löggjöf. Undirbúningur þess er hafinn en verði því ekki fylgt eftir til loka ætti Norðurlandaráð að stuðla að því að norrænu löndin innleiði Magnitskí-lög.

Í nóvember 2019 eru tíu ár liðin frá því að Sergeí Magnitskí lést í fangelsi. Með því að setja Magnitskí-löggjöf heiðrum við minningu Magnitskís og sýnum heiminum að við föllumst ekki á slík mannréttindabrot. Flokkahópur hægrimanna í Norðurlandaráði álitur að Norræna ráðherranefndin eigi að stuðla að því að ESB setji Magnitskí-löggjöf sem gildi um öll löndin. Samhliða ber Norðurlandaráði í heild sinni að stuðla að því að norrænu löndin leiði Magnitskí-löggjöf í landsrétt hjá sér fari svo að lagasetning á vettvangi ESB verði ekki leidd til lykta.

Kaupmannahöfn, 20. september 2019

*Anna-Kaisa Ilkonen (saml)*  
*Bente Stein Mathisen (H)*  
*Brigitte Klintskov Jerkel (KF)*  
*Cecilie Tenfjord-Toftby (M)*  
*Hans Wallmark (M)*  
*Juhana Vartiainen (saml)*  
*Maria Stockhaus (M)*  
*Marianne Synnes (H)*

*Michael Tetzschner (H)*  
*Nils Aage Jegstad (H)*  
*Norunn Tveiten Benestad (H)*  
*Pål Jonson (M)*  
*Solveig Sundbø Abrahamsen (H)*  
*Vilhjálmur Árnason (Sj.)*  
*Wille Rydman (saml)*